



Reykjavík, 29. apríl 2024

MSS24040221

Borgarráð

***Tillögur samningateymis Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal og endurheimt náttúrugæða í dalnum***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar fjórar tillögur samningateymis Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal og endurheimt náttúrugæða í dalnum í samræmi við erindisbréf samningateymisins sem lagt var fram í borgarráði 25. janúar 2024.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað samningateymis Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal og endurheimt náttúrugæða í dalnum, dags. 22. apríl 2024, ásamt fylgigögnum.



**Reykjavík**

## Minnisblað

Viðtakandi: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri

Sendandi: Samningateymi Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal

### **Efni: Tillögur samningateymis Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal og endurheimt náttúrugæða í dalnum**

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi fjórar tillögur samningateymis Reykjavíkurborgar vegna skila á Elliðaárdal í samræmi við erindisbréf samningateymisins sem lagt var fyrir borgarráð 25. janúar 2024.

Tillögur:

- Samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur:** Lagt er til að meðfylgjandi samningur Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur verði samþykktur ásamt fylgiskjölum.
- Samkomulag við Veitur:** Lagt er til að meðfylgjandi samningur Reykjavíkurborgar við Veitur verði samþykktur ásamt fylgiskjali.
- Eftirlit og vöktun:** Lagt er til að meðfylgjandi tillögur í minnisblaði um eftirlit og reglubundinni vöktun verði samþykktar.
- Skipulagslýsing:** Lagt er til að drög að meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir áhrifasvæði Árbæjarstíflu fari fyrir umhverfis- og skipulagsráð og verði svo auglýst og í framhaldinu unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

### **Greinargerð:**

Samningateymi Reykjavíkurborgar hefur unnið í samræmi við erindisbréf sem lagt var fram í borgarráði 25. janúar sl. þar sem hagsmunir lífríkisins, útivistar og mannlífs hefur verið leiðarljósið. Í samningateyminu sitja Þorsteinn Gunnarsson borgarritari sem er formaður, Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri fjármála- og áhættustýringasviðs og Ívar Örn Ívarsson lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Starfsmaður teymisins er Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða hjá umhverfis- og skipulagssviði. Samningateymið fundaði reglulega með samningateymi Orkuveitu Reykjavíkur, einnig með fulltrúum Veitna. Einnig var haft samráð við formenn íbúaráða í Árbæ og Breiðholti, formann og fulltrúa frá Stangveiðifélagi Reykjavíkur sem og aðila innan borgarinnar eins og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofustjóra eignaskrifstofu o.fl.

Árið 2021 voru 100 ár síðan Elliðaár voru virkjaðar og er Árbæjarstífla frá þeim tíma en ekki hefur verið virk raforkuframleiðsla í Elliðaárvirkjun síðan 2014. Endalok raforkuvinnslu kallaði á viðræður Orkuveitu Reykjavíkur við fulltrúa Reykjavíkurborgar um framtíð mannvirkja, réttinda og skyldna í Elliðaárdal. Samkomulag um þessi efni er nauðsynleg forsenda niðurlagningaráætlunar Elliðaárvirkjunar, sem OR er skylt að skila Orkustofnun skv. 79. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Elliðaárdalur er borgargarður, þjóðgarður í borg samkvæmt skilgreiningu í aðalskipulagi. Deiliskipulag frá 2020 stækkar þau svæði sem eru hverfisvernduð og kveður á um ýmsar

umbætur varðandi innviði og útivist. Elliðaárdalur er eitt stærsta græna svæðið innan þéttbýliskjarna Reykjavíkur, gríðarlega vinsæll til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar af ýmsu tagi. Þá einkennist dalurinn af fjölbreytu umhverfi, landslagi og gróðurfari en þungamiðjan eru Elliðaárnar sem dalurinn er kenndur við.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkti einróma 1. febrúar sl. að ráðast í endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals til að endurspeglar breytta landnotkun í dalnum eftir að raforkuvinnslu hefur verið hætt.

Samkvæmt erindisbréfi voru tiltekin níu samningsmarkmið fyrir samningateymi Reykjavíkurborgar. Hér verður farið yfir samningsmarkmiðin og hvernig þau speglast inn í samkomulag við OR, Veitur, minnisblað um eftirlit og reglubundna vöktun, minnisblað um fjármálaleg áhrif og svo drög að skipulagslýsingu.

<p><b>1. Verndun útivistar og náttúrusvæða.</b> Mikilvægt er að framfylgja þeirri verndun Elliðaárdals sem felst í aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi og skilgreina hvaða verkefni leiða af hvoru tveggja, skilgreina hver þeirra eru brýnust og gera tillögu um framkvæmdaröð. Sérstök áhersla verður á útivistargildi dalsins og verndun merkilegra náttúrusvæða. Markmiðið verði að umhverfi Elliðaár og dalurinn allur sé einstök náttúru- og útivistarperla.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í samningum við OR og Veitur, minnisblaði um eftirlit og vöktun sem og drögum að skipulagslýsingu fyrir áhrifsvæði Árbæjarstíflu. Í framhaldi verður unnið deiluskipulag fyrir svæðið þar sem hugað verður að umhverfi, lífríki ána og sögu.</p>
<p><b>2. Árbæjarstífla og umhverfi.</b> Við tæmingu Árbæjarlóns var sjónarmið lífkerfið árinna ofarlega á blaði og laxastofnsins sérstaklega. Við mótum mótvægisáðgerða er ekki óeðlilegt að horfa einnig til fuglalífs, annarrar náttúru og mannlífsins í dalnum. Sett verði fram sameiginleg framtíðarsýn á fyrirkomulagi Árbæjarstíflu og nágrennis, og eftir atvikum annarra minja um orkuvinnslu í Elliðaárdal. Sérstök áhersla verði lögð á að Orkuveita Reykjavíkur sýni metnað við frágang og umhverfi Árbæjarstíflu og kosti göngu- og hjólaþverun í stæði eða í stað stíflunnar verði niðurstaðan sú að hún verði fjarlægð að hluta eða í heild.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í samningi við OR. Í 1. gr. segir m.a. að í samræmi við vilyrði Húsafríðunarnefndar og Minjastofnunar frá 14. desember 2023 vinnur OR að breytingum á Árbæjarstíflu þar sem greið gönguleið verði borin af elstu hlutum stíflunnar en yngri hlutar stífluveggjar verði fjarlægðir að verulegu leyti. OR ber allan kostnað af breytingunum en afhendir Reykjavíkurborg fullbyggða brú til eignar og reksturs, enda hafi Minjastofnun samþykkt útfærslu og Reykjavíkurborg haft formlega aðkomu að hönnun breytinganna með aðild að verkefnisstjórn um þær. Í samræmi við fyrrgreint vilyrði Húsafríðunarnefndar og Minjastofnunar vinnur OR jafnframt að breytingum á þrýstivatnspípu Elliðaárvirkjunar þar sem pípan verði felld saman í öryggisskyni en áfram gætt að minjagildi hinnar sjónrænu tengingar Árbæjarstíflu og rafstöðvarinnar.</p>
<p><b>3. Stokkur verði stígur.</b> Við brotthvarf stokksins, sem meðal annars lá yfir Elliðaár, hvarf mikilvæg samgöngutenging fyrir gangandi og hjólandi yfir dalinn. Hluti samninga verði að Veitur annist fjármögnun á brú í legu stokksins, sem Reykjavíkurborg taki svo við til rekstrar.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í 1. gr. samkomulags við Veitur þar sem samningsaðilar eru sammála um að leggja nýjan stíg þar sem stokkurinn lá áður, auk þess að byggja tvær brýr yfir Elliðaárnar. Samkvæmt hönnun á að nýta hluta stöpla sem eftir standa sem undirstöður undir brýnar. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 380 m.kr. (sjá fylgiskjal). Aðilar eru sammála um að Veitur greiði 68,5% af verkinu, þó aldrei meira en 260 m.kr. Skal ábyrgð og framkvæmd verkefnisins vera í höndum Reykjavíkurborgar. Uppgjör milli aðila skal fara fram eigi síðar en 3 mánuðum frá verklokum.</p>
<p><b>4. Innviðir til útivistar.</b></p>	<p>Kveðið er á um í 1. gr. samkomulags við OR að aðilar eru sammála um að brýnt sé að efla umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi um</p>

<p>Gera tillögur að brýnustu framkvæmdum og innviða útivistar skv.nýju deiliskipulagi um Elliðaárdal.</p>	<p>og við Rafstöðvarveg. Í því skyni munu aðilar hanna sameiginlega nýja umferðarlausn þar sem núverandi Rafstöðvarvegur og núverandi óformleg gönguleið á aðrennslispípunni nýtast til umbótanna. Við hönnun gönguleiðar á aðrennslispípu skal haft samráð við Minjastofnun. Stefnt er að því að bjóða verkið út sem eitt verk og eina framkvæmd. Orkuveita Reykjavíkur ber kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem liggur í stæði þrýstivatnspípunnar. Reykjavíkurborg ber kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem er utan stæðis þrýstivatnspípunnar. Aðilar munu gera með sér sérstakt samkomulag um kostnaðarskiptingu. Jafnframt er kveðið á um í 1. gr. samkomulags við Veitur að aðilar eru sammála um að leggja nýjan stíg þar sem stokkurinn lá áður, auk þess að byggja tvær brýr yfir Elliðaárna sbr. samningsmarkmið nr. 3. Þegar skipulagslýsing hefur verið auglýst fyrir áhrifasvæði Árbæjarstíflu og deiliskipulagsferli fer af stað þar sem umsagnarferli er lögbundið má gera ráð fyrir frekari tillögum að brýnustu framkvæmdum og innviðum útivistar.</p> <p>Samkvæmt <a href="#">deiliskipulagi Elliðaárdals</a> frá 16.11.2020 kemur fram í kafla 3.4.5 um göngu- og hjólabrýr að gert er ráð fyrir nýjum þverunum eða brúm yfir Elliðaár til viðbótar við núverandi þveranir, þar á meðal milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu.</p>
<p><b>5. Aðgengi fyrir öll.</b> Tilgreint verði hvernig aðgengi fyrir alla verði tryggt á útivistarsvæðum, brúm og göngubverunum í dalnum.</p>	<p>Kveðið er á um aðgengi fyrir öll í inngangi samkomulags við OR, í 2. gr. í samkomulagi við OR og drögum að skipulagslýsingu.</p>
<p><b>6.Saga og umhverfi.</b> Sett verði fram sýn á hvernig sögu og minjum verði haldið til haga í Elliðaárdal og hver aðkoma Orkuveitu Reykjavíkur verði að því, sbr. orkusafn við Elliðaárstöð. Viðhald og umhirða mannvirkja og minja.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í 5. gr. samkomulags við OR. Aðilar eru sammála um að hugað verði að umhverfi, lífríki ána og sögu við deiliskipulagsgerð og allar framkvæmdir í dalnum. Á svæðinu í kringum Rafstöðina hefur OR komið upp aðstöðu, undir heitinu Elliðaárstöð, þar sem börn og fullorðnir geta fræðst um sögu og vísindi í lifandi leik. Húsapýrpingin við Rafstöðvarveg hefur fengið nýtt hlutverk þar sem skólahópar, fjölskyldur, útivistarfólk og aðrir geta kynnt sér vísindin og tæknina á bak við veitukerfin sem byltu lífsgæðum í Reykjavík. OR mun áfram reka þau mannvirki og varðveita sögulegt gildi þeirra eftir fremsta megni.</p>
<p><b>7.Settjarnir.</b> Sett verði fram sýn á hvernig staðið verði að tímasetningu og framkvæmdum við settjarnir og aðrar mengunarvarnir, skv. deiliskipulagi Elliðaárdals og hvernig þær verði fjármagnaðar.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í 2. gr. samkomulags við Veitur. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir nýjum lausnum þar sem ofanvatn rennur enn óhreinsað í Elliðaárna. Aðilar eru sammála um að allt ofanvatn verði hreinsað áður en það rennur í Elliðaárna. Veitur munu hefja undirbúning á hönnun vegna ofanvatnslausna frá Ystabæ að Háabæ. Veitur sjá fram á að geta hafið hönnun á verkefninu, hafið samráðsferli við íbúa í nærliggjandi götum og ráðast í framkvæmdir á</p>

	<p>næsta ári. Útfærslur og lausnir frá Háabæ að Fylkisvegi við Árbæjarlaug munu taka lengri tíma en mikilvægt er að lausn finnist á því. Hluti af þeim umbótum tengjast áformum Reykjavíkurborgar um að gera Rofabæ að borgargötu. Veitur munu sjá um framkvæmdina á sinn kostnað. Settjarnir eða aðrar sambærilegar lausnir verða afhentar Reykjavíkurborg til daglegs reksturs.</p>
<p><b>8. Skil vatnsréttinda, þar með talið veiðiréttar.</b> Setja fram tímaáætlun fyrir skil vatnsréttinda, gera grein fyrir stöðu samninga við SVFR og skyld atriði. Mannvirki tengd ánum, rekstur þeirra og viðhald, s.s. veiðihús og laxateljari.</p>	<p>Kveðið er á um þetta í 2. gr. samkomulags við OR. Með því að OR hefur ekki lengur þörf fyrir afnot af vatnsréttindum Elliðaáanna til orkuvinnslu, eru aðilar sammála um að fella úr gildi samning aðila frá 27.12.2001 um umsjón með ánum og afnot frá og með 1. janúar 2025. Þá afsalar OR til Reykjavíkurborgar tækjum og mannvirkjum tengdum veiðinytjum og rannsóknnum þeim tengdum til eignar og rekstrar, þ.m.t. laxateljara og tengdum búnaði, auk veiðihússins, Rafstöðvarvegi 2, frá og með 1. janúar 2025. Á grundvelli áður nefnds samnings um umsjón og afnot Elliðaáanna, gerði OR þjónustusamning við SVFR dags. 31.10.2023. Í samræmi við heimild í 11. gr. samningsins, framselur OR samninginn Reykjavíkurborg til framfylgdar, einnig frá og með 1. janúar 2025. Jafnframt tekur Reykjavíkurborg við aðild Orkuveitu Reykjavíkur að samningi við Laxfiska frá 1. janúar 2025 að telja. Eignir tengdar samkomulagi við OR færast yfir í eignasjóð Reykjavíkurborgar og þar með umsýsla þeirra. Skrifstofa eigna á fjármála- og áhættustýringarsviði hefur umsjón með mannvirkjum tengdum veiðinytjum, veiðihúsi og öðrum búnaði ásamt samningum við SVFR og Laxfiska.</p>
<p><b>9. Eftirlit og vöktun með umhverfinu.</b> Sett verði fram sýn á hvernig eftirliti, umsjá og reglubundinni vöktun verði háttáð, m.a. í ljósi þess að Elliðaárdalur er skilgreindur sem borgargarður.</p>	<p>Farið er yfir framtíðar tilhögun á eftirliti og vöktun með umhverfinu í minnisblaði deildarstjóra náttúru og gæða hjá Reykjavíkurborg. OR mun áfram fylgjast með vatnsrennsli ána, Reykjavíkurborg mun taka við gildandi samning við Laxfiska ehf. og taka ákvörðun um frekari vöktun á lífríki. Heilbrigðiseftirlitið áætlað að halda áfram vöktun vatnsgæða, skrifstofa náttúru og gæða mun halda áfram vöktun fuglalífs og Dýraþjónusta Reykjavíkur vaktar áfram mink.</p>

### Fjárhagsleg áhrif

Mikilvægt er að meta fjárhagsleg áhrif á tillögum samningateymisins út frá þeim samningsmarkmiðum sem fram koma í erindisbréfi. Er það gert í sérstöku minnisblaði en hér er saman dregið það helsta sem snýr að samningum annars vegar við OR og hins vegar við Veitur:

- Samkomulagið skuldbindur OR til að afhenda fullbyggða brú Reykjavíkurborg til eignar og reksturs í stað Árbæjarstíflu sem verður fjarlægð að mestu. Kostnaður sem fylgir rekstri brúar fellur á Reykjavíkurborg eftir afhendingu, kostnaðarmat vegna rekstrar hennar hefur ekki verið framkvæmt en ætti ekki að vera frábrugðið rekstri sambærilegra brúa.

- Samkomulagið felur í sér að að unnið verði að breytingum á þrýstivatnspípu Elliðaárvirkjunar þar sem pípan verði felld saman í öryggisskyni. Samhliða því muni samningsaðilar vinna að bættu umferðaröryggi og í því skyni verði sameiginlega hönnuð ný umferðarlausn þar sem Rafstöðvarvegur og núverandi óformleg gönguleið nýtast til umbótanna. Samkomulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg beri kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem er utan þrýstivatnspípunnar en gert ráð fyrir að sérstakt samkomulag verði gert um kostnaðarskiptingu.
- Samningurinn felur í sér að OR afsalar sér til Reykjavíkurborgar tækjum, mannvirkjum tengdum veiðinytjum og rannsóknum þeim tengdum til eignar og rekstrar, þ.m.t. laxateljara og tengdum búnaði auk veiðihúss. Jafnframt fellur úr gildi samningur milli OR og Reykjavíkurborgar frá 27.12.2001 um umsjón með ánum og afnot. Á grundvelli þess samnings hefur OR gert þjónustusamning við Stangveiðifélag Reykjavíkur [SVFR] vegna veiði í Elliðaánum sem verður framseldur til Reykjavíkurborgar. Rekstur hefur verið í höndum SVFR og tekjur vegna veiðileyfa staðið undir kostnaði. OR hefur greitt fyrir rannsóknir í ánum en auk þess hefur fallið til kostnaður vegna uppeldisstöðva laxfiska sem greitt er til Veiðifélags Elliðavatns. Samanlagt voru það rúmar 10 m.kr. árið 2023.
- Veitur hafa fjarlægt stökk sem lá yfir Elliðaá neðan Toppstöðvarinnar en við það hvarf mikilvæg samgöngutenging fyrir gangandi og hjólandi. Aðilar eru sammála um að koma þurfi þeirri tengingu aftur á. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er metinn 380 mkr. og drög að samkomulagi gera ráð fyrir að Veitur greiði 68,5% af framkvæmdinni en þó aldrei meira en 260 m.kr. m.v. verðlag ársins 2024. Ábyrgð og framkvæmd verkefnisins verður í höndum Reykjavíkurborgar og skal uppgjör fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok. Fjárhagslega áhætta við framkvæmdina er þ.a.l. öll hjá Reykjavíkurborg.
- Í Elliðaárdal eru fimm settjarnir sem hreinsa ofanvatn. Í gildandi samkomulagi við Veitur er gert ráð fyrir nýjum lausnum (blágrænum ofanvatnslausnum) þar sem ofanvatn rennur enn óhreinsað í Elliðaárnar. Aðilar eru sammála um að því verði lokið fyrir árslok 2025 og munu Veitur sjá um framkvæmdina á sinn kostnað. Settjarnir eða aðrar sambærilegar lausnir verða afhentar Reykjavíkurborg til daglegs reksturs.

Hjálagt:

Samkomulag Reykjavíkurborgar og OR

Samkomulag Reykjavíkurborgar og Veitna

Drög að skipulagslýsingu

Samningur OR við SVFR

Samningur OR við Laxafiska ehf.

Minnisblað um eftirlit og vöktun með umhverfinu

Minnisblað um fjárhagsleg áhrif vegna skila á Elliðaárdal

Elliðaárdalur – Stígur í stað stokks - Kostnaðarskipting

Erindisbréf samningateymis vegna skila á Elliðaárdal

## SAMKOMULAG UM SKIL Á ELLIÐAÁRDAL OG ENDURHEIMT NÁTTÚRUGÆÐA Í DALNUM

Reykjavíkurborg eignaðist Elliðaárna árið 1906 og hefur Orkuveita Reykjavíkur og forverar hennar nýtt vatnsréttindi ána frá árinu 1921, þegar raforkuvinnsla úr þeim hófst. Raforkuvinnsla hefur nú verið aflögð um fjórirjónlegu framtíð. Í ljósi 79. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem skyldar Orkuveitu Reykjavíkur til að færa umhverfi eftir því sem kostur er til fyrra horfs eftir niðurlagningu raforkuvinnslunnar, gera Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, Reykjavík, kt. 530269-7609, og Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, Reykjavík, kt. 551298-3029, með sér þennan samning.

Markmið aðila er að umhverfi Elliðaáa og Elliðaárdalurinn verði áfram einstök náttúru- og útivistarperla. Aðilar eru sammála um að framfylgja verndun Elliðaárdals og leggja áherslu á útivistargildi dalsins með aðgengi fyrir öll og verndun merkilegra náttúrusvæða.

### 1. gr.

Ábyrgð á frágangi mannvirkja skv. 79. gr. vatnalaga er alfarið borin af Orkuveitu Reykjavíkur og þar með framlagning áætlunar þar um til Orkustofnunar.

Orkuveita Reykjavíkur fer nú með umsjón raforkumannvirkja fyrirtækisins í Elliðaárdal. Þau eru friðuð skv. friðunarbréfum menntamálaráðherra, dags. 14. júní 2012. Mannvirkir eru:

- húsakostur nýttur af *Elliðaárstöð* (Rafstöðvarvegur 6-14),
- Elliðavatnsstífla,
- Árbæjarstífla,
- þrýstivatnspípa.

Orkuveita Reykjavíkur á og nýtir hin friðuðu mannviki og gætir að minjagildi þeirra. Til að uppfylla 79. gr. vatnalaga hefur fyrirtækið óskað leyfis til breytinga á tveimur mannvirkjunum; a) Árbæjarstíflu og b) þrýstivatnspípu Elliðaárvirkjunar.

a. Í samræmi við vilyrði Húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar frá 14. desember 2023, vinnur Orkuveita Reykjavíkur að breytingum á Árbæjarstíflu þar sem greið gönguleið verði borin af elstu hlutum stíflunnar en yngri hlutar stífluveggjar verði fjarlægðir að verulegu leyti.

Aðilar eru sammála um að Orkuveita Reykjavíkur beri allan kostnað af breytingunum en afhendi fullbyggða brú Reykjavíkurborg til eignar og reksturs, enda hafi Minjastofnun samþykkt útfærslu og Reykjavíkurborg haft formlega aðkomu að hönnun breytinganna með aðild að verkefnisstjórn um þær.

b. Í samræmi við vilyrði Húsafriðunarnefndar og Minjastofnunar frá 14. desember 2023, vinnur Orkuveita Reykjavíkur að breytingum á þrýstivatnspípu Elliðaárvirkjunar þar sem pípan verði felld saman í öryggisskyni en áfram gætt að minjagildi hinnar sjónrænu tengingar Árbæjarstíflu og rafstöðvarinnar.

Aðilar eru sammála um að brýnt sé að efla umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi um og við Rafstöðvarveg. Í því skyni munu aðilar hanna sameiginlega nýja umferðarlausn þar sem núverandi Rafstöðvarvegur og núverandi óformleg gönguleið á aðrennslispípunni nýtast til umbótanna. Við hönnun gönguleiðar á aðrennslispípu skal haft samráð við Minjastofnun. Stefnt er að því að bjóða verkið út sem eitt verk og eina framkvæmd.

Orkuveita Reykjavíkur ber kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem liggur í stæði þrýstivatnspípunnar. Reykjavíkurborg ber kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem er utan stæðis þrýstivatnspípunnar. Aðilar munu gera með sér sérstakt samkomulag um kostnaðarskiptingu.

Til framfylgdar þessu kemur Orkuveita Reykjavíkur á fót verkefnisstjórn og skal Reykjavíkurborg tilnefna fulltrúa í hópinn.

### 2. gr.

Með því að Orkuveita Reykjavíkur hefur ekki lengur þörf fyrir afnot af vatnsréttindum Elliðaáanna til orkuvinnslu, eru aðilar sammála um að fella úr gildi samning aðila frá 27.12.2001 um umsjón með ánum og afnot frá og með 1. janúar 2025 að telja.

Þá afsalar Orkuveita Reykjavíkur til Reykjavíkurborgar tækjum og mannvirkjum tengdum veiðinytjum og rannsóknnum þeim tengdum til eignar og rekstrar, þ.m.t. laxateljara og tengdum búnaði, auk veiðihússins, Rafstöðvarvegi 2, fastanúmer F2043312 frá og með 1. janúar 2025 að telja.

Á grundvelli áður nefnds samnings um umsjón og afnot Elliðaáanna, gerði Orkuveita Reykjavíkur þjónustusamning við Stangaveiðifélag Reykjavíkur, dags. 31.10.2023. Í samræmi við heimild í 11. gr. samningsins, framselur Orkuveita Reykjavíkur samninginn Reykjavíkurborg til framfylgdar, einnig frá og með 1. janúar 2025.

Jafnframt tekur Reykjavíkurborg við aðild Orkuveitu Reykjavíkur að samningi við Laxfiska ehf., dags. 19. apríl 2024, frá 1. janúar 2025 að telja.

Frá og með 1. janúar 2025 verða því ekki af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur reglubundnar rannsóknir á lífríki ána aðrar en þær sem getur um í 3. gr.

3. gr.  
Orkuveita Reykjavíkur ber ábyrgð á rekstri Elliðavatnsstíflu. Þar með telst ábyrgð á og kostnaður af vatnshæðarvöktun Elliðavatns og rennislisvöktun í Elliðaám.

4. gr.  
Aðilar hafa í samvinnu unnið drög að skipulagslýsingu fyrir áhrifasvæði Árbæjarstíflu. Stefnt er að því að lýsingin verði auglýst í maí 2024. Í framhaldi auglýsingar skipulagslýsingar verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið geti tekið gildi fyrir árslok 2024.

5. gr.  
Elliðaárdalurinn er eitt stærsta græna svæðið innan þéttbýliskjarna Reykjavíkur. Dalurinn einkennist af fjölbreyttu umhverfi, landslagi og gróðurfari en þungamiðjan eru Elliðaárnar sem dalurinn er kenndur við, en þar hefur verið stunduð laxveiði frá fornu fari. Dalurinn hefur verið mikilvægur hluti af atvinnusögu og þróun Reykjavíkur og er mikilvæg útivistarperla sem Reykjavíkingar og aðrir hafa nýtt til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar af ýmsu tagi. Aðilar eru sammála um að hugað verði að umhverfi, lífríki ána og sögu við deiliskipulagsgerð og allar framkvæmdir í dalnum.

Á svæðinu í kringum Rafstöðina hefur Orkuveita Reykjavíkur komið upp aðstöðu, undir heitinu Elliðaárstöð, þar sem börn og fullorðnir geta fræðst um sögu og vísindi í lifandi leik. Húsaþyrpingin við Rafstöðvarveg hefur fengið nýtt hlutverk þar sem skólahópar, fjölskyldur, útivistarfólk og aðrir geta kynnt sér vísindin og tæknina á bak við veitukerfin sem byltu lífsgæðum í Reykjavík. Orkuveita Reykjavíkur mun áfram reka þau mannvirki og varðveita sögulegt gildi þeirra eftir fremsta megni.

6. gr.  
Samkomulag þetta var samþykkt í borgarráði þann 2. maí 2024 og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þann 22. apríl 2024. Samkomulagið öðlast gildi við undirritun.

Rafstöðinni við Elliðaár í Reykjavík, [xxxx] 2024

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Sævar Freyr Þráinsson  
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Fylgiskjöl:

Samningur við SVFR  
Samningur við Laxfiska ehf.  
Lýsing deiliskipulagsáforma



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, annars vegar Veitur ohf., kt. 501213-1870, hins vegar, gera með sér eftirfarandi:

**SAMKOMULAG**  
**vegna kostnaðarskiptingar vegna fyrirhugaðra brúa yfir Elliðaár og**  
**blágrænna ofanvatnslausna í Elliðaárdal**

**1. gr.**

Markmið aðila er að umhverfi Elliðaáa og Elliðaárdalurinn verði áfram einstök náttúru- og útivistarperla. Aðilar eru sammála um að framfylgja verndun Elliðaárdals og leggja áherslu á útivistargildi dalsins með aðgengi fyrir öll og verndun merkilegra náttúrusvæða.

**2. gr.**

**Stígur í stað stokks**

Gamli heitaveitustokkurinn yfir Elliðaárnar, neðan við Toppstöðina, hefur verið fjarlægður og lagnir lagðar í jörðu. Við brotthvarf stokkins hvarf mikilvæg samgöngutenging fyrir gangandi og hjólandi yfir dalinn og eru aðilar sammála um að koma aftur á þeirri tengingu. Fyrir liggur að leggja á nýjan stíg þar sem stokkurinn lá áður, auk þess að byggja tvær brýr yfir Elliðaárnar. Samkvæmt hönnun á að nýta hluta stöppla sem eftir standa sem undirstöður undir brýrnar.

Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 380 m.kr. Aðilar eru sammála um að Veitur greiði 68,5% af verkinu, þó aldrei meira en 260 m.kr.

Skal ábyrgð og framkvæmd verkefnisins vera í höndum Reykjavíkurborgar. Veitur munu greiða sinn hluta eigi síðar en 3 mánuðum frá verklokum.

**3. gr.**


**Blágrænar ofanvatnslausnir**

Í Elliðaárdal eru nú þegar fimm settjarnir sem hreinsa ofanvatn af götum í nágrenni við dalinn áður en því er veitt í Elliðaárnar. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir nýjum lausnum á þeim stöðum þar sem ofanvatn rennur enn óhreinsað í Elliðaárnar. Veitur munu hefja undirbúning á hönnun vegna ofanvatnslausna frá Ystabæ að Háabæ. Veitur sjá fram á að geta hafið hönnun á verkefninu, hafið samráðsferli við íbúa í nærliggjandi götum og ráðast í framkvæmdir á næsta ári. Útfærslur og lausnir frá Háabæ að Fylkisvegi við Árbæjarlaug munu taka lengri tíma en mikilvægt er að lausn finnist á því. Hluti af þeim umbótum tengjast áformum Reykjavíkurborgar um að gera Rofabæ að borgargötu. Veitur munu koma með tillögur þegar þær liggja fyrir.

Veitur munu sjá um framkvæmd við gerð nýrra lausna við hreinsun ofanvatns á sinn kostnað. Settjarnir eða aðrar sambærilegar lausnir verða afhentar Reykjavíkurborg til daglegs reksturs að lokinni framkvæmd.

Apríl 2024

DRÖG



## Inngangur

Hér er lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi sem nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal.

## Aðdragandi og tilgangur

Tilgangur með gerð lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess. Eftir að ljóst varð að raforkuvinnslu í Elliðaárdalnum væri hætt um fjórsjúaframtíð ber Orkuveitunni skylda til að gera og fá samþykkt áætlun um niðurlagningu virkjunarinnar. Í því felst m.a. að koma umhverfi virkjunarinnar til fyrra horfs eins og kostur er. Einn þarf að gæta að menningarverðmætum.

## Staðsetning og afmörkun

Deiliskipulagstillagan nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun.

## Viðfangsefni og meginmarkmið

Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengnileg tenging yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningastöðum.

Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð í Elliðaárna. Neðan stíflunnar er markmið breytts skipulags að auka umferðaröryggi um Rafstöðvarveg meðan staðinn

er vörður um sjónræn tengsl Árbæjarstíflu og Elliðaárvirkjunar.

Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúru og útivistarperla.

## Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

Svæðið er skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Deiliskipulag er í gildi fyrir Elliðaárdalinn samþykkt í borgarstjórn 19.05.2020. Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi sem eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu. Deiliskipulagsbreytingin samræmist markmiði aðalskipulagsins að styrkja náttúru, landslag og útivistarsvæði í borginni sem hluta af bættum lífsgæðum og lýðheilsu.

Samhliða deiliskipulagsferli vinnur Orkuveitan að niðurlagningaráætlun Elliðaárvirkjunar í samræmi við við 79.gr. vatnalaga nr. 15/1923.

## Staðhættir og minjar

Elliðaárdalur er með stærri útivistarsvæðum borgarinnar. Jarðfræði svæðisins er margbreytileg og má til að mynda finna hraunmyndanir í og við árfarveg Elliðaána. Gróðurfar er fjölbreytt og dýralíf í dalnum er umtalsvert. Elliðaárna eru mikilvægt vistkerfi en vatnasvið þeirra eru með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki.

Á svæðinu eru friðaðar minjar, mannvirki sem tilheyrja raforkuframléiðslunni. Stíflan og lónið eru staðsett á afmörkuðu verndarsvæðis fornleifa.



## Umhverfisáhrif áætlunar

Í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað um áhrif af fyrirhuguðum breytingum á nærliggjandi svæði, á vistkerfi, vatnsbúskap, auðlindir, landslag, heilsu, öryggi, hagkvæmni, veðurfar og varðveislugildi. Ásýnd og svipmót byggðar og fleiri umhverfisþætti.

Sérstaklega verði tiltekið í umhverfismati áætlunarinnar hvernig uppfyllt verði það ákvæði vatnalaga að umhverfi verði fært til fyrra horfs svo sem kostur er.

## Samráðs- og umsagnaraðilar

- Minjastofnun Íslands
- Hafrannsóknarstofnun
- Hverfisráð og íbúasamtök
- Orkustofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðieftirlit Reykjavíkur
- Veiðifélag Elliðavatns
- Stangveiðifélag Reykjavíkur
- Náttúrufræðistofnun

## Skipulagsferlið

Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

**DRÖG**

### 2024

<b>Júní</b>	Afstaða tekin til gerðar og kynningar lýsingar. Lýsing unnin.
<b>Júní</b>	Lýsing fyrir deiliskipulag samþykkt til kynningar umhverfis- og skipulagsráði.
<b>Ágúst</b>	Lýsing í auglýsingu
<b>September</b>	Umsagnir og athugasemdir vegna lýsingar kynntar í umhverfis- og skipulagsráði.
<b>Oktober</b>	Deiliskipulagstillaga kynnt í umhverfis- og skipulagsráði.
<b>Nóvember</b>	Auglýsing á deiliskipulagstillögu
<b>Desember</b>	Umsögn skipulagsfulltrúa vegna mögulegra athugasemda.
<b>Desember</b>	Deiliskipulagstillaga samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði.
<b>Janúar</b>	Tillögur sendar Skipulagsstofnun.
<b>Janúar-Febrúar</b>	Deiliskipulag staðfest í B- deild stjórnartíðinda.

Skipulagslýsingin er unnin í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur





Orkuveita Reykjavíkur kt. 552198-3029, annars vegar, hér eftir nefnd OR og Stangaveiðifélag Reykjavíkur kt. 620269-3799 hins vegar, hér eftir nefnt SVFR, sameiginlega nefndir aðilar, gera með sér svohljóðandi:

## **ÞJÓNUSTUSAMNING VEGNA VEIÐI Í ELLIÐAÁM**

### **1. gr. Aðdragandi**

OR fer með laxveiðirétt í Elliðaám samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg frá 27. desember 2001. OR er samkvæmt samkomulaginu ætlað að kappkosta að viðhalda og byggja upp laxastofn Elliðaáa. Einnig hvíla þær skyldur á OR að gefa sem flestum tækifæri til að veiða í ánum, verði veiðirétturinn framleigður. Þá hvílir sú skylda á OR að afla samþykkis Reykjavíkurborgar fyrir fjölda stanga og verði á veiðileyfum. Á grundvelli áðurnefnds samnings framleigði OR til 2019 veiðiréttinn til SVFR, sem hafði farið með veiðiréttinn óslitið frá 1939. Lögð var áhersla á að tryggja að markmiðum samningsins við Reykjavíkurborg væri fullnægt.

Samkomulag var gert árið 2019 til fimm ára á milli OR og SVFR um breytingu á samnings sambandi aðila og fyrirkomulagi umsýslu veiða í Elliðaám, þar sem OR fer með laxveiðiréttindin en SVFR annast þjónustu vegna veiðinnar.

Eftirfarandi þjónustusamningur er niðurstaða endurskoðunar OR og SVFR á samkomulaginu frá 2019.

### **2. gr. Markmið OR**

OR sem handhafi laxveiðiréttinda í Elliðaám hefur í samráði við Reykjavíkurborg sett eftirfarandi markmið um nýtingu veiði í Elliðaám:

1. Taka mið af lífríkisrannsóknnum í Elliðaánum við ákvörðun á fjölda veiðidaga, veiðifyrirkomulagi og leyfilegu agni.
2. Stuðla að því að umhverfi ána og ásýnd sé með besta móti.
3. Tryggja aðgengi sem flestra að veiði í Elliðaánum og gæta jafnræðis við úthlutun og hófs í verðlagningu veiðileyfa.
4. Hlúa að áhuga ungs og fatlaðs fólks á veiði.

### **3. gr. Þjónusta SVFR**

SVFR selur OR eftirfarandi þjónustu:

1. Aðgengi að sölu- og markaðskerfum SVFR, til umsókna og úthlutunar veiðileyfa í Elliðaám, þ.m.t. umsýslu með veiðileyfum, sölu, umsjón á veiðitíma og veiðivörslu.
2. Umsýslu með ánum sem felst m.a. í:
  - a. Uppsetningu og niðurtöku á laxateljara.
  - b. Tengingum teljarans.
  - c. Skráningu, gagnasöfnun og varðveislu gagna, sbr. grein 7 hér á eftir.
  - d. Veiðieftirliti og umsjón með veiðimönnum.
  - e. Annast sérstaka veiðidaga til hvatningar fyrir ungt og fatlað fólk til veiða.
  - f. Hreinsun Elliðaána á vorin og halda ánum eins hreinum á veiðitíma og kostur er.
  - g. Viðhald á vegslóðum að veiðistöðum.

- h. Uppsetning og viðhald á merkingum á veiðistöðum.
  - i. Meindýravarnir vegna minks og annars vargs sem ógnar lífríki ána, í samráði við OR.
3. Rannsóknir á lífríki ána, sbr. grein 8 hér á eftir.

#### 4. gr. Framlag OR

Framlag OR er sem hér segir:

1. Ákveður veiðifyrirkomulag, fjölda stanga, veiðitíma og veiðiálag.
2. Ákveður verð á veiðileyfum.
3. Leggur til laxateljara.
4. Leggur til veiðihús, annast viðhald þess, greiðir fasteignagjöld, tryggingar og orkukostnað, að öðru leyti er húsið og innanstokksmunir á ábyrgð SVFR.

#### 5. gr. Greiðslur

OR greiðir SVFR fyrir veitta þjónustu sem hér segir: (vísað er til upptalningar í 3. gr.)

- |  |  |
|--|--|
| • Liður 1 Aðgangur að sölukerfum (áætlað)    | 2.360.000 kr. (12% af raunsölu veiðileyfa) |
| • Liður 2 Umsýsla með ánum (fast)            | 7.500.000 kr. á ári                        |
| • Liður 3 Rannsóknir á lífríki (áætlað)      | 1.700.000 kr. á ári                        |
| • Liður 4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2.312.000 kr. á ári (20% af liðum 1 til 3) |

Liður 2 er verðtryggður með vísitölu neysluverðs, grunnur 599,9 (október 2023) og uppfærast í lok hvers árs, vegna næsta árs á eftir.

Liður 3 er greiddur fyrir þær rannsóknir vegna Elliðaáa sem SVFR greiðir og samráðsnefnd tekur ákvörðun um.

Samtala framangreindra liða ásamt kostnaði OR við rannsóknir Elliðaáa auk beinna greiðslna til Veiðifélags Elliðavatns vegna afnota af uppeldisstöðvum mynda höfuðstól sem skilgreinir áætlaðar lágmarkstekjur af sölu veiðileyfa.

Fyrir útgáfu söluskrár SVFR í lok hvers árs skal fara fram uppgjör á milli aðila, þar sem gerður er upp mismunur tekna félagsins af sölu veiðileyfa og framangreinds kostnaðar. Verð á veiðileyfum komandi árs skal ákveðið af OR í kjölfarið. Gjaldtagi uppgjörsgreiðslu skal vera 31. janúar næsta árs.

#### 6. gr. Samráðsnefnd

Samningsaðilar skulu koma upp vettvangi til samráðs um málefni ána, lífríkis og veiði, samráðsnefnd. Í samráðsnefndinni sitja valdir fulltrúar samningsaðila.

Samráðsnefndin skal hittast að minnsta kosti árlega þegar niðurstöður rannsókna síðasta árs skv. 8. gr. liggja fyrir. SVFR skal boða til fundar fulltrúum aðila samkomulagsins þar sem fara skal yfir einstök atriði samkomulagsins, þar á meðal en þó ekki bundið við;

- Rekstur samkomulagsins (tekjur og gjöld).
- Niðurstöður rannsókna á lífríki og rannsóknir næsta árs.
  - veiði og örmerkingu gönguseiða að vori
  - upplýsingar um árganga smáseiða í vatnakerfinu
  - hreisturstöku

- merki í afla
- úrvinnslu talningargagna
- sýnatöku á smádýrum
- Veiðifyrirkomulag (sjá upptalningu hér að neðan):
  - veiðitímabil á laxi og silungi
  - veiðitíma innan dags
  - fjölda stanga eftir tímabilum og fisktegundum
  - leyfilegt agn
  - hámarksafli
  - veiðisvæði
  - veiðidaga vegna Reykjavíkurborgar og OR

Hvor samningsaðila um sig getur boðað til fundar samráðsnefndar þegar efni standa til.

### **7. gr. Gögn**

SVFR ber að halda veiðidagbækur og skila til Fiskistofu eftir lok hvers veiðitímabils. Árlega, fyrir fund samráðsnefndar skal SVFR skila upplýsingum um veiði í Elliðaám þar sem fram koma upplýsingar um heildarveiði, fjölda laxa sem fóru í gegnum teljara, svo unnt sé að meta hlutfall veiddra laxa ofan teljara, þ.e. veiðiálag. Einnig hversu margir stangardagar voru seldir og dreifing þeirra á veiðitímanum.

### **8. gr. Rannsóknir á lífríki**

Samningsaðilar skulu leggja áherslu á rannsóknir á lífríki ána. Markmið rannsóknanna er að meta ástand lífríkisins ána og tryggja samfellu og samanburðarhæfni við rannsóknir fyrri ára.

### **9. gr. Samkomulagstími og uppsagnarheimildir**

Þjónustusamningur þessi er til fjögurra ára, vegna veiðiáranna 2024 til og með 2027 og framlengist til þriggja ára í senn, hafi uppsögn ekki borist gagnaðila fyrir októberlok síðasta veiðiárs samkomulagstímans.

### **10. gr. Upplýsingaskylda**

OR hefur víðtæka starfsemi í og við Elliðaárnar, er m.a. handhafi vatnsréttinda Elliðaána, hluti stofnlagna veitna höfuðborgarsvæðisins þverar árnar og vatnstaka er í Heiðmörk. OR mun upplýsa SVFR um fyrirhugaðar framkvæmdir fyrirtækisins í og við árnar með hæfilegum fyrirvara og gefa SVFR kost á að koma með athugasemdir og ábendingar.

### **11. gr. Framsal**

Aðilum samningsins er óheimilt að framselja réttindi og skyldur sínar samkvæmt honum til þriðja aðila, umfram það sem segir í samningnum, nema með samþykki gagnaðila. Þó er OR heimilt að framselja samninginn til Reykjavíkurborgar sem er eigandi ána.

### **12. gr. Ýmis ákvæði**

Rísi ágreiningur vegna þjónustusamnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Komi upp óviðráðanleg atvik sem geta haft áhrif á möguleika aðila til að efna samning þennan, skulu aðilar þess, taka það til endurskoðunar með það að markmiði að viðhalda samnings sambandi aðila. Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni og tillitssemi við eftir og framkvæmd samkomulagsins.



Leiti SVFR heimildar til greiðslustöðvunar, heimildar til nauðasamninga eða komi fram krafa um að bú SVFR verði tekið til gjaldþrotaskipta, áskilur OR sér rétt til að rifta samningnum án tafar.

Reykjavík 31. október 2023

Fh. Orkuveitu Reykjavíkur

Fh. Stangaveiðifélags Reykjavíkur

---

Sævar Freyr Þránínsson, forstjóri

---

Ingimundur Bergsson, framkvæmdastjóri

# Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Ingimundur Jón Bergsson

Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík hér eftir nefnt verkkaupi annars vegar og Laxfiskar ehf. kt. 610303-2340 Hraðastöðum 1, Mosfellsbæ hér eftir nefnt LF eða verksali, til samans nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi

## **S A M N I N G**

um rannsóknir og vöktun lífríkis Elliðaánna.

Samningur þessi tekur til alhliða rannsókna og vöktunar á lífríki Elliðaánna eins og nánar er tilgreint í samningi þessum og fylgiskjölum, sbr. 2. gr.

### **1. gr**

#### **Markmið samningsins**

Markmið samningsaðila er að rannsóknar- og vöktunarverkefni séu unnin af fagmennsku og gæðum svo tryggt sé að samfella verði í gæðum þeirra upplýsinga sem safnað er, unnar og birtar og varða lífríki vatnakerfis Elliðaánna. Framkvæmd árlegra rannsókna, þ.m.t. úrvinnsla rannsóknargagna og kynning skal vera í grundvallaratriðum í samræmi við þá hefð sem skapast hefur í fyrri rannsóknum. Þannig er tryggt samræmi í vinnubrögðum og samanburði gagna í vöktunarrannsóknum sem þessum.

### **2. gr.**

#### **Gildistími og tímamörk**

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift og gildir fyrir rannsóknir í Elliðaánum árin 2024, 2025 og 2026. Mælingar á hita með sírita skulu gerðar allan gildistíma samningsins og fram til 15. apríl 2027.

### **3. gr**

#### **Afrakstur**

LF vinnur samantekt árlegra rannsókna og birtir niðurstöður og túlkun þeirra í skýrslu. Skýrslurnar skulu kynntar sbr. 8. gr. Skila skal skýrslum sem hér segir:

- vegna rannsókna 2024 skal skilað í apríl 2025
- vegna rannsókna 2025 skal skilað í apríl 2026
- vegna rannsókna 2026 skal skilað í apríl 2027

### **4. gr.**

#### **Fylgiskjöl og viðaukar**

Vöktun, rannsókn og framsetning gagna og niðurstaða skal setja fram til samræmis við eftirfarandi viðauka:

- F1 – Ítarleg lýsing á vöktunar- og rannsóknarpáttum og framsetningu gagna
- F2 – Skýrsluskrif og frumgögn

### **5. gr.**

#### **Lýsing á rannsóknar- og vöktunarpáttum**

LF tekur að sér rannsóknir og ákveðna umsjón er tengist þeirri rannsóknarvinnu. Nánari lýsingu á skyldum LF er að finna í fylgiskjölum F1 og F2. Til að unnt sé að framkvæma þær rannsóknir sem um ræðir og lýst er í fylgiskjölum þá þarf tiltekinn búnað. Teljarar, laxakista og seiðagildra í eigu verkkaupa eru til staðar og til afnota fyrir LF til að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Annan búnað sem til verksins þarf útvegar LF, þ.m.t. búnað til hitamælinga, merkinga niðurgönguseiða og rafveiða, og skal kostnaður við búnaðinn vera innifalinn í samningsgreiðslum.

## 6. gr.

### Framsetning á niðurstöðum rannsókna og vöktunar

Úrvinnsla gagna frá rannsóknum og vöktun á lífríki Elliðaáanna og framsetning niðurstaðna verður eins og undanfarin ár. Frumgögnin eru varðveitt og þeim skilað á tölvutæku sniði til verkkaupa. Tryggja skal samfellu og samræmi í framsetningu niðurstaðna rannsókna og vöktunar á lífríki Elliðaáanna. Slíkt samræmi skal tryggja að hægt sé að draga vísindalegar ályktanir af niðurstöðum eins og gert hefur verið, þ.m.t. með samanburði á athugunarþáttum á milli ára.

## 7. gr.

### Samningsgreiðslur

Heildargreiðsla vegna rannsókna, skýrsluskrafa og kynningar vegna ársins 2024, er áætluð kr. 5.100.000,- án virðisaukaskatts.

Greiðslur miðast við eftirfarandi áfanga í rannsóknum ár hvert:

15. júní	kr. 2.000.000,-	(við lúkningu á merkingu gönguseiða)
15. ágúst	kr. 700.000,-	(vegna vinnu við teljara og vöktun)
15. nóv.	kr. 700.000,-	(við lúkningu rafveiða seiða)
15. janúar	kr. 700.000,-	(vegna úrvinnslu sýna og gagna)
15. apríl	kr. 1.000.000,-	(við skil á skýrslu)
<i>Samtals =</i>	<i>kr. 5.100.000,-</i>	

Greiðslur hvers gjalddaga ársins 2024 sem og árána 2025 og 2026 eru uppfærðar til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs, miða skal við grunnvísitöluna 607,3 í janúar 2024.

## 8. gr.

### Kynning og birting á niðurstöðum

Almenn kynning á rannsóknum og niðurstöðum þeirra er hluti af skyldum LF, m.a. kynningar á a.m.k. einum fundi hjá verkkaupa og öðrum hjá SVFR. Auk þessa verða niðurstöður kynntar í almennum fjölmiðlum sem og á vefsvæðum Laxfiska, verkkaupa og SVFR eftir því sem efni standa til og aðstæður bjóða upp á hverju sinni.

## 9. gr.

### Aðrar rannsóknir og aðkoma annarra aðila

Samningsaðilum er ljóst að Elliðaáarnar henta til fjölbreyttra rannsóknastarfa. Viðbótarrannsóknir sem ekki er kveðið á um í samningi þessum geta komið til álita. Ef aðrir rannsóknaaðilar hyggjast gera slíkar viðbótarrannsóknir á gildistíma samnings þessa, ber þeim að leita samþykkis verkkaupa, sem skal kynna LF fyrirhugaðar rannsóknir til að ganga úr skugga um að þær skerði ekki rannsóknarforsendur skv. samningi þessum. Enn fremur skal haft samráð við SVFR vegna umsjónar þeirra með stangveiðum í Elliðaánum. Verði samþykki veitt af hálfu verkkaupa ber viðkomandi að haga rannsóknum þannig að þær rannsóknir trufla ekki þá rannsókn- og vöktunarvinnu sem kveðið er á um í þessum samningi. Öll frumgögn rannsókna sem þessi samningur segir til um skulu vera aðgengileg þeim sem óska að fengnu leyfi beggja samningsaðila. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna til að veita almenna aðstoð vegna mögulegra viðbótarrannsóknaverkefna eftir því sem kostur er.

## 10. gr.

### Afhending gagna

LF munu afhenda rannsókn- og vöktunargögn (skýrsla og frumgögn á tölvutæku sniði). Árleg skýrsla er afhent eigi síðar en í lok árlegs verktímabils í apríl. Um aðgengi rannsóknagagna til frekari úrvinnslu vísast til þeirra skilyrða sem tilgreind eru í 9. gr. samnings þessa.

## 11. gr.

### Samningstími, framsal og uppsagnarákvæði

Samningurinn gildir frá og með 1. janúar 2024 og varðar rannsóknir vegna árána 2024, 2025 og 2026. Verkkaupi hefur heimild til að framlengja samninginn um allt að þrjú ár til viðbótar, eitt ár í senn.

Verkkaupa er heimilt að framselja samninginn til Reykjavíkurborgar.

Komi til þess að verkkaupi skili veiðirétti sínum í Elliðaám til Reykjavíkurborgar þá er verkkaupa heimilt að segja upp samningnum þó þannig að alltaf skal lögð áhersla á að klára skuli rannsóknir hvers ár. Uppsögn skal vera skrifleg og taka gildi næstu áramót eftir dagsetningu hennar.

## 12. gr.

### Vanefndir

Samningsaðilar geta rift samningi þessum ef gagnaðili vanefnir hann í mikilvægum þáttum. LF getur rift samningi ef verkkaupi hefur ekki staðið skil á samningsgreiðslum innan tveggja vikna frá gjalddögum sem tilteknir eru í 6. gr. samningsins, enda hafi verksali skorað á hann að greiða og fyrir liggur að verksali hafi skilað fullnægjandi rannsóknaverkum. Verkkaupi getur rift samningi ef LF stendur ekki skil á umsömdum rannsóknaverkum innan 3 mánaða og lokaskýrslu hvers árs rannsókna og skal verkkaupi þá heimilt að fá þriðja aðila til að ganga inn í verkefnið og ljúka því.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 19.04.2024

F.h. Laxfiska ehf.

F.h. Verkkaupa

---

Jóhannes Sturlaugsson

## Fylgiskjal F1

### Lýsing á rannsókn- og vöktunarþáttum og framsetningu gagna

#### Verklýsing

Hér er fyrirhuguðum rannsókn- og vöktunarverkum lýst nánar. Þannig fæst ágæt sýn á umgjörð verkefnanna sem LF sinnir. Varðandi nánari framgangsmáta þeirra verka LF er vísað til grunnheimildanna sem vinnan byggir á sem eru skýrslur Veiðimálastofnunar um samskonar rannsóknir á vatnasviði Elliðaána fram til 2011. Þar er um að ræða lýsingar á framkvæmd og aðferðum rannsókn- og vöktunarverka, tilheyrandi úrvinnsluháttum m.t.t. gagna og framsetningu þeirra (fylgiskjal F2). Þannig er tryggt að gagna umrædds verktímabils sé aflað á sama hátt og verið hefur og að þau gögn séu enn fremur unnin og sett fram með sama hætti og verið hefur. Allt í því skyni að tryggja vísindalegt notagildi gagnanna ekki síst þess gildis sem þau hafa m.t.t. samanburðar sem hluti af langri gagnaröð.

Niðurstöður rannsókn- og vöktunar á fiskistofnum og umhverfisþáttum vatnasviðs Elliðaána hafa verið settar fram árlega í skýrslum Veiðimálastofnunar fram til 2011 og af Laxfiskum frá árinu 2012 vegna árlegra rannsókna frá og með 2011. Skýrsluskrif verða með sama sniði og verið hefur. Skýrslugerðin og uppbygging skýrslunnar tekur mið af helstu verkþáttum rannsókn- og vöktunarverkefnanna í Elliðaánunum, sem eru seiðabúskapur (smáseiði), sjóganga seiða (gönguseiði), ganga fiska um teljara, stangveiði og tilheyrandi niðurstöður yfir heildarfjölda laxa (heildarlaxgengd m.t.t. smálaxa og stórlaxa), endurheimtuhlutfall á laxi, veiðiálag og stærð hrygningarstofns svo og verkþættir sem taka til aldursamsetningar göngulaxa út frá hreistri og vöktun á hitafari Elliðaána. Fyrir alla verkþættina er haldið utan um frumgögn og þeim skilað á tölvutæku sniði til verkkaupa.

#### Seiðabúskapur

Seiðabúskapur Elliðaána kortlagður með rafveiðum á 8 hefðbundnum stöðvum svokölluðum grunnstöðvum ofan og neðan Elliðavatns í Elliðaáam, Suðurá og Hólmsá. Þessi verkþáttur skilar gögnum yfir þéttleika seiðanna á flatareiningu og styrkleika árganganna sem að baki standa (fjöldi seiða og lífþyngd/árgang/stöð) og einstaklingsmælingar á seiðunum skila gögnum sem sett eru fram yfir lengd seiðanna, þyngdir þeirra og holdafar (meðaltöl og staðalfrávik þeirra).

#### Gönguseiðin

Vöktun á göngum laxaseiða til sjávar svo kortleggja megi fyrir gönguseiðin (a-c):

- a. Samsetning gönguseiðahópsins sem gekk til sjávar. Einstaklingsmælingar á 1.000 laxaseiðum sem eru örmerkt skv. samningnum. Skila gögnum sem sett eru fram, yfir lengdir seiðanna, þyngdir þeirra og holdafar (meðaltöl og staðalfrávik þeirra). Mælingar á seiðum fara fram samhliða örmerkingu þeirra. Úrtak seiðanna er aldursgreint svo hægt sé að leggja mat á styrkleika mismunandi árganga í göngunni en þau gögn eru einnig nýtt til að setja fram með hliðsjón af aldri yfirlit yfir lengdir seiðanna, þyngdir, þeirra og holdafar. Aldursdreifing gönguseiðanna er einnig nýtt til samanburðar við aldursgögn frá lestri hreisturs af smálöxum sem endurheimtir eru í kjölfar sjávardvalar sinnar í Elliðaánunum ári eftir útgöngu seiðanna (hlutfall gönguseiða m.t.t. ferskvatnsaldurs vs hlutfall ferskvatnsaldurs á meðal smálaxa í úrtaki úr veiði).

- b. Framganga útgöngu gönguseiðanna með hliðsjón af fjölda gönguseiða, tíma og umhverfispáttum (hitafar).
- c. Stofnstærð gönguseiða og lífslíkur og vöxtur laxins í sjó skv. endurheimtum 1 og 2 árum síðar (smálax og stórlax) þ.s. litið er til endurheimtra örmerktra laxa (gögn úr teljara og veiði) sem merktir voru sem gönguseiði og ómerktra laxa (gögn úr teljara og veiði).

Til að uppfylla megi þennan hluta samningsins er lagt til grundvallar að seiðagildran í Elliðaánum sé vöktuð þegar gönguseiðin ganga til sjávar í maí - júní í kjölfar þess að vatnshiti ána hefur náð því marki sem nauðsynlegt er fyrir seiðin í aðdraganda sjögöngu þeirra. Lagt er upp með að LF merki 1.000 gönguseiði laxa að því gefnu að veiðar í gönguseiðagildruna í maí og júní skili þeim fjölda. Því líkt og rannsóknir sýna þá er sá afli töluvert breytilegur á milli ára og hefur ekki alltaf náð umræddu viðmiði (undir 1.000 seiðum í 11 ár af 24 árin 1988-2011). Byggt á fyrri rannsóknum er gert ráð fyrir að veiðar á seiðum í gönguseiðagildruna standi yfir í 3-4 vikur, með umvitjunum seiðagildru tvisvar á sólarhring og örar ef þörf er á.

### **Ganga fiska um teljara**

Tveir fiskteljarar (þ.a. 1 kvikmyndafiskteljari) verða starfræktir á sama hátt og verið hefur frá því í júní og fram í september. Í þeirri vinnu felst einnig að setja teljarana upp í byrjun tímabils og að taka þá niður að hausti. Á grundvelli gagna sem safnað er með fiskteljurunum eru sett fram grunngögn um lengdardreifingu laxa og urriða (sjóbirtingar/staðbundnir) yfir göngutímabilið/vöktunartímabilið í heild. Ennfremur er ganga lax (smálax/stórlax) og urriða sett fram með hliðsjón af fjölda fiska/sólarhring yfir allt vöktunartímabilið með hliðsjón af vatnshitanum hverju sinni. Ganga lax og urriða er einnig sett fram með hliðsjón af tíma sólarhrings. Gögn kvikmyndateljarans eru ennfremur nýtt til að ákvarða endurheimtuhlutfall laxa m.t.t. fjölda veiðuggaklippra (örmerktra) smálaxa/stórlaxa sem ganga um hann að viðbættum gögnum yfir fjölda örmerktra smá- og stórlaxa í veiði neðan við teljarann. Teljaragögnin eru auk þess nýtt ásamt veiðigögnum til þess að ákvarða heildargöngu laxa, veiðihlutfall á laxi og stærð hrygningarstofnsins. Ennfremur eru teljaragögnin nýtt ásamt veiðigögnum og gögnum yfir fjölda merktra gönguseiða árinu áður til þess að meta stofnstærð gönguseiða sem að gekk úr Elliðaánum árinu áður. Á vöktunartímabilinu mun LF skoða athuga kosti þess að birta á vefsvæði sínu frekari gögn úr fiskteljara til að auka nýtingu á þeim gögnum til fræðslu.

### **Stangveiði**

Veiðigögn fyrir Elliðaárnar eru unnin og sett fram á hefðbundinn hátt með hliðsjón af fiskstærð og veiðistöðum. Auk þess eru gögn yfir veiði á örmerktum og ómerktum lögum nýtt ásamt teljaragögnum til þess að setja fram upplýsingar um heildarlaxgengd, veiðiálag og hrygningarstofn. Hreistursýni frá úrtaki af stangveiddum laxi gefa enn frekari sýn á heildargöngu ársins m.t.t. lífsstiga (smálax/stórlax), kynjahlutfalls, ferskvatnsaldurs o.fl. þátta.

### **Hitafar Elliðaáanna**

Síritandi hitamælir sem mælir vatnshita á 1 klst fresti árið um kring er starfræktur á hefðbundnum mælistað í nágrenni rafstöðvarinnar út samningstímamann (til 15. apríl 2022). Gögnum er tappað af mælinum síðla vetrar eða vori til úrvinnslu og birtingu í árlegri rannsóknaskýrslu sem verkkaupi fær í hendur í apríl ár hvert.

## Kynningar og fræðslustarf

Við árleg verklok í aprilmánuði verða niðurstöður rannsókna- og vöktunarverkefna kynnt fyrir verkkaupa og öðrum hlutaðeigandi aðilum. Frekari kynningu rannsókna er sinnt eftir því sem efni og aðstæður bjóða upp á. Dæmi um slíkar kynningar Laxfiska eru erindi á félagsfundum SVFR, kynning í almennum fjölmiðlum ásamt kynningu á rannsóknunum og niðurstöðum þeirra á vefsvæðum Laxfiska, OR og SVFR.

## F2 – Skýrsluskrif og frumgögn

Niðurstöðum skal skila á skýrsluformi auk þess sem frumgögn skulu afhent á tölvutæku formi. Í fylgiskjali F1 er ítarlega gerð grein fyrir framsetningu gagna en rannsóknaniðurstöður verða birtar í skýrslu fyrir eftirfarandi athugunarþætti:

- Smáseiði. Birting niðurstaðna þar sem fram kemur styrkleiki árganga, meðallengdir, meðalþyngdir, lífþyngd og þéttleiki seiða á flatareiningu ofan og neðan Elliðavatns. Sjá nánar F1.
- Gönguseiði. Birting niðurstaðna þar sem fram kemur fjöldi gönguseiða, lengd þeirra og þyngd, kynjahlutfall og aldurssamsetning göngunnar. Í skýrslunni eru einnig settar fram upplýsingar um þætti er áhrif hafa á sjávargöngu seiða. Sjá nánar F1.
- Göngur fiska um teljara og hitafar Elliðaáanna á veiðitíma. Birting niðurstaðna á grundvelli gagna sem safnað er með fiskteljurunum. Grunnkögn um lengdardreifingu laxa og urriða yfir göngutímabilið/vöktunartímabilið í heild. Ennfremur er ganga lax (smálax/stórlax) og urriða sett fram með hliðsjón af fjölda fiska/sólarhring yfir allt vöktunartímabilið með hliðsjón af vatnshitanum hverju sinni. Ganga lax og urriða er einnig sett fram með hliðsjón af tíma sólarhrings. Sjá nánar F1.
- Aldurssamsetning göngulaxa. Birting niðurstaðna frá úrvinnslu hreisturssýna, þar sem fram kemur bæði ferskvatns – og sjávaraldur laxanna. Veiðigögn úr veiðibók ennfremur gerð aðgengileg. Stærð hrygningarstofns ákvörðuð út frá veiðigögnum og gögnum úr teljurum. Sjá nánar F1.





Reykjavík 23. apríl 2024

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Þjónustuver  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík


411 1111

## Minnisblað um eftirlit og vöktun með umhverfi í Elliðaárdal vegna samnings um skil Orkuveitunnar á Elliðaánum til Reykjavíkurborgar.

Vísað er í samningsmarkmið 9 í erindisbréfi vegna skila á Elliðaárdal dags. 23. jan. 2024, sem varðar eftirlit og vöktun með umhverfinu.

### Yfirlit yfir vöktun.

- Orkuveita Reykjavíkur hefur látið vakta fisk og á botndýralíf í ánum og einnig fylgst með vatnsrennsli.
  - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur fylgst með vatnsgæðum.
  - Skrifstofa umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði hefur vaktað fuglalíf.
  - Dýraþjónusta Reykjavíkur hefur vaktað mink.
- Laxafiskar ehf. hafa séð um rannsóknir á fiski og seiðatalningar. Niðurstöður árlegra rannsókna hafa vitnað um að stofnar lax og urriða í Elliðaánum væru í mjög góðu ástandi.
  - Náttúrustofa Kópavogs og síðan Hafrannsóknarstofnun hafa unnið rannsóknir á botndýralífi. Vöktun botndýralífs er tól til að fylgjast með mögulegum áhrifum álagspátta á vistkerfi ána. Tekin voru sýni á tveimur stöðum í Elliðaánum og einnig í Hólmsá sem rennur í Elliðaánnar um Elliðavatn. Náttúrulegar sveiflur eru á stöðu botndýralífs.
  - Veðurstofa Íslands hefur vaktað rennsli ána og vatnshæð við Elliðavatnsstíflu. Viðvörðun er send út vegna lágmarksrennslis í Elliðaám sem getur gefið til kynna að einhver fyrirstaða sé í Elliðavatnsstíflu t.d. vegna íssöfnunar.
  - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgist með vatnsgæðum í ánum. Mælt er hitastig, leiðni og sýrustig einu sinni í mánuði á 6 stöðum í Elliðaánum en einnig eru tekin sýni í Bugðu og Suðurá sem renna í Elliðaánnar um Elliðavatn. Tekin eru gerlasýni ársfjórðungslega á 3 stöðum í Elliðaánum og í Bugðu og Suðurá. Niðurstöður 2023 sýndu að ástand ána var almennt gott. Best er ástandið efst í ánum en álagið eykst eftir því sem neðar er farið.
  - Skrifstofa umhverfisgæða hefur vaktað fuglalíf í Elliðaárdalnum með áherslu á svæðið í grennd við Árbæjarstíflu frá því lónið var tæmt í síðast sinn í apríl 2020 en einnig lá fyrir talning í dalnum sem gerð var 2019.



Niðurstöður sýna að áfram er mikið og fjölbreytt fuglalíf á svæðinu í grennd við Árbæjarstíflu.

6. Meindýravarnir Reykjavíkur, nú Dýraþjónusta Reykjavíkur, hefur vaktað mink við árnar. Lagðar eru út gildir víða í ánum og þær vaktaðar reglulega. Fjöldi minka getur verið mismunandi milli ára.

### Áframhald vöktunar

- Fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur mun halda áfram að fylgjast með vatnsrennsli ána.
- Reykjavíkurborg mun taka við samningi við Laxfiska ehf. og taka ákvörðun um frekari vöktun á lífríki en Orkuveita Reykjavíkur áætlað gera ekki rannsóknir á botndýralífi 2024.  
Hér er lagt til að Reykjavíkurborg haldi því áfram á næsta ári.
- Heilbrigðiseftirlitið áætlað áframhaldandi vöktun vatnsgæða með svipuðum hætti.
- Skrifstofa umhverfissgæða mun halda áfram vöktun fuglalífs.
- Dýraþjónusta Reykjavíkur mun áfram sinna vöktun á mink.

Gert er ráð fyrir að áætluð vöktun sé hæfileg til að fylgjast með ástand lífríkisins. Það er þó alltaf ástæða til að endurmeta hvað sé hæfilegt. Verði óeðlileg frávik getur verið ástæða til að auka vöktun, mögulega tímabundið, en einnig að rannsaka orsök fráviks og eftir atvikum bregðast við.

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða



Reykjavík, 26. apríl 2024

MSS23120124

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Einar Þorsteinsson, borgarstjóri

**Sendandi:** Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Fjárhagsleg áhrif vegna samnings um skil Orkuveitu Reykjavíkur á Elliðaárdal

Samningateymi Reykjavíkurborgar um skil Orkuveitu Reykjavíkur [OR] á Elliðaárdal hefur unnið tillögu að samkomulagi. Samkomulagið felur í sér tillögur um frágang OR og dótturfélaga hennar. Sérstaklega er fjallað um fjárhagslega skiptingu aðila vegna þeirra framkvæmda sem samkomulagið felur í sér.

Samkomulagið skuldbindur OR til að afhenda fullbyggða brú Reykjavíkurborg til eigna og reksturs í stað Árbæjarstíflu sem verður fjarlægð að mestu. Kostnaður sem fylgir rekstri brúar fellur á Reykjavíkurborg eftir afhendingu, kostnaðarmat vegna rekstrar hennar hefur ekki verið framkvæmt en ætti ekki að vera frábrugðið rekstri sambærilegra brúa.

Samkomulagið felur í sér að unnið verði að breytingum á þrýstivatnspípu Elliðaárvirkjunar þar sem pípan verði felld saman í öryggisskyni. Samhliða því muni samningsaðilar vinna að bættu umferðaröryggi og í því skyni verði sameiginlega hönnuð ný umferðarlausn þar sem Rafstöðvarvegur og núverandi óformleg gönguleið nýtast til umbótanna. Samkomulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg beri kostnað af hönnun og framkvæmd þess hluta verkefnisins sem er utan þrýstivatnspípunnar en gert ráð fyrir að sérstakt samkomulag verði gert um kostnaðarskiptingu. Engar áætlingar liggja fyrir um þessa framkvæmd hjá Reykjavíkurborg og ekki gert ráð fyrir henni í gildandi fjárfestingaráætlun. Ákvarðanir um framkvæmd og tímasetningar þurfa að taka mið af því og með fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar.

Samningurinn felur í sér að OR afsalar sér til Reykjavíkurborgar tækjum, mannvirkjum tengdum veiðinytjum og rannsóknum þeim tengdum til eignar og rekstrar, þ.m.t. laxateljara og tengdum búnaði auk veiðihússins Rafstöðvarvegi 2, fastanúmer F2043312. Jafnframt fellur úr gildi samningur milli OR og Reykjavíkurborgar frá 27.12. 2001 um umsjón með ánum og afnot. Á grundvelli þess samnings hefur OR gert þjónustusamning við Stangveiðifélag Reykjavíkur [SVFR] vegna veiði í Elliðaánum sem verður framseldur til Reykjavíkurborgar. Rekstur hefur verið í höndum SVFR og tekjur vegna veiðileyfa staðið undir kostnaði. OR hefur greitt fyrir rannsóknir í ánum en auk þess hefur fallið til kostnaður vegna uppeldisstöðva laxfiska sem greitt er til Veiðifélags Elliðavatns. Samanlagt voru það rúmar 10 m.kr. árið 2023.

Veitur hafa fjarlægst stokk sem lá yfir Elliðaá neðan Toppstöðvarinnar en við það hvarf mikilvæg samgöngutenging fyrir gangandi og hjólandi. Aðilar eru sammála um að koma



Reykjavík



þurfi þeirri tengingu aftur á. Fyrir liggur að leggja þarf nýjan stíg þar sem stokkurinn lá áður og byggja tvær nýjar brýr. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er metinn 380 mkr. og drög að samkomulagi gera ráð fyrir að Veitur greiði 68,5% af framkvæmdinni en þó aldrei meira en 260 m.kr. m.v. verðlag ársins 2024. Ábyrgð og framkvæmd verkefnisins verður í höndum Reykjavíkurborgar og skal uppgjör fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok. Fjárhagslega áhætta við framkvæmdina er þ.a.l. öll hjá Reykjavíkurborg. Þessi framkvæmd er ekki inni í gildandi fjárfestingaáætlun.

Í Elliðaárdal eru fimm settjarnir sem hreinsa ofanvatn. Í gildandi samkomulagi við Veitur er gert ráð fyrir nýjum lausnum (blágrænum ofanvatnslausnum) þar sem ofanvatn rennur enn óhreinsað í Elliðaárnar. Aðilar eru sammála um að því verði lokið fyrir árslok 2025 og munu Veitur sjá um framkvæmdina á sinn kostnað. Settjarnir eða aðrar sambærilegar lausnir verða afhentar Reykjavíkurborg til daglegs reksturs.

Virðingarfyllst,  
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri  
*Fjármála- og áhættustýring*  
*Skrifstofa sviðsstjóra*



**Reykjavík**

Elliðaárdalur stígur í stað stokks Magnskrá		Kostnaðaráætlun á forhönnunarstigi			
		Gert af: GP			
		Dags: 22.4.2024			
Nr.	Verkpáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Verð alls kr
<b>1</b>	<b>Aðstaða og rif núverandi mannvirkja ca 15%</b>				
1.1	Aðstaða og aðkomuleiðir	heild	1	6.500.000	6.500.000
1.2	Öryggisráðstafanir	heild	1	2.000.000	2.000.000
1.3	Vinnupallar	heild	1	5.500.000	5.500.000
1.4	Mælingar	heild	1	2.000.000	2.000.000
1.5	Sagað ofan af gömlum undirstöðum, 0,5 m þykkum. Steypubrotum fargað	m	50	100.000	5.000.000
1.6	Frágangur vinnusvæðis og hreinsun	heild	1	2.000.000	2.000.000
	<b>Samtals aðstaða og rif núverandi mannvirkja:</b>				<b>23.000.000</b>
<b>2</b>	<b>Jarðvinna</b>				
2.1	Gröftur fyrir landkörum	m <sup>3</sup>	900	4.400	3.960.000
2.2	Fylling að landkörum	m <sup>3</sup>	900	6.000	5.400.000
2.3	Aðlögun gönguleiða að brúarendum	stk	6	1.100.000	6.600.000
	<b>Samtals jarðvinna:</b>				<b>15.960.000</b>
<b>3</b>	<b>Undirstöður brúa</b>				
3.1	Viðgerðir og yfirborðsmeðhöndlun gamalla undirstaða	m <sup>2</sup>	295	35.000	10.325.000
3.2	Ryðfriar stálplötur á gamlar undirstöður vegna burðarþols	stk	11	2.700.000	29.700.000
3.3	Frágangur samsetninga, innlimdir teinar, járnbanding og steinsteypa	stk	11	150.000	1.650.000
3.4	Landkör, þrifalög, mót, járnbanding og steypa	stk	11	300.000	3.300.000
	<b>Samtals undirstöður brúa:</b>				<b>44.975.000</b>
<b>4</b>	<b>Forsteyptar steypueiningar</b>				
4.1	Forsteyptar steypueiningar	m <sup>2</sup>	440	93.000	40.920.000
4.2	Flutningur og uppsetning forsteyptra eininga með ísteypu	m <sup>2</sup>	440	35.000	15.400.000
4.3	Eftirspennitir kaplar, efni og vinna við uppsetningu	kg	960	9.000	8.640.000
	<b>Samtals forsteyptar steypueiningar:</b>				<b>64.960.000</b>

Elliðaárdalur stígur í stað stokks Magnskrá		Kostnaðaráætlun á forhönnunarstigi			
		Gert af: GP			
		Dags: 22.4.2024			
Nr.	Verkpáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Verð alls kr
<b>5</b>	<b>Frágangur brúar</b>				
5.1	Handrið. Með festingum fyrir röralögn.	m	220	170.000	37.400.000
5.2	Röralögn 7" báðum megin brúa, með tengistykkjum	kg	8500	2.800	23.800.000
5.3	Sigplötur	stk	6	1.500.000	9.000.000
5.4	Kústun á yfirborði eininga	m <sup>2</sup>	440	1.200	528.000
5.5	Rafkerfi og lýsing	heild	1	12.460.000	12.460.000
	<b>Samtals frágangur brúar:</b>				<b>83.188.000</b>
	<b>Samtals verktakakostnaður brúa:</b>	m <sup>2</sup>	440	527.000	<b>232.083.000</b>
	(Hlutfall af heild 81%)				
<b>6</b>	<b>Stígar utan við brýr</b>	m	130	160.000	20.800.000
<b>7</b>	<b>Áningarstaður</b>	heild	1	34.100.000	34.100.000
	<b>Samtals verktakakostnaður utan brúa:</b>				<b>54.900.000</b>
	(Hlutfall af heild 19%)				
	<b>Samtals áætlaður verktakakostnaður:</b>				<b>286.983.000</b>
	<b>Óvissa 15%</b>				<b>43.047.450</b>
	<b>Samtals verktakakostnaður með óvissuálagi:</b>				<b>330.030.450</b>
	<b>Hönnun umsjón og eftirlit 15%</b>				<b>49.504.568</b>
	<b>Samtals byggingarkostnaður:</b>				<b>379.535.018</b>
	<b>Námundaður byggingarkostnaður:</b>				<b>380 Mkr</b>
	<b>Hlutdeild Reykjavíkurborgar</b>			<b>31,5%</b>	<b>120 Mkr</b>
	<b>Hlutdeild Veitna</b>			<b>68,5%</b>	<b>260 Mkr</b>



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 23. janúar 2024

MSS23120124

Borgarráð

***Erindisbréf samningateymis vegna skila á Elliðaárdal***

Hjálögð drög að erindisbréfi samningateymis vegna skila á Elliðaárdal eru lögð fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf samningateymis vegna skila á Elliðaárdal, drög.

# ERINDISBRÉF

## Samningateymi vegna skila á Elliðaárdal

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Elliðaárdalurinn er borgargarður, þjóðgarður í borg, skv. skilgreiningu í aðalskipulagi. Nýlegt deiliskipulag stækkar þau svæði sem eru hverfisfriðuð og kveður á um ýmsar umbætur varðandi innviði og útivist. Elliðaárdalur eitt stærsta græna svæðið innan þéttbýliskjarna Reykjavíkur. Hann er jafnframt eitt vinsælasta svæðið til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar af ýmsu tagi. Dalurinn einkennist af fjölbreyttu umhverfi, landslagi og gróðurfari en þungamiðjan eru Elliðaárnar sem dalurinn er kenndur við. Leiðarljós hópsins er að hafa hagsmuni lífríkisins, útivistar og mannlífs að leiðarljósi.

Árið 2021 voru 100 ár síðan Elliðaár voru virkjaðar og er Árbæjarsífla frá þeim tíma. Ekki hefur verið virk raforkuframleiðsla í Elliðaárvirkjun síðan 2014. Endalok raforkuvinnslu kallar á viðræður Orkuveitu Reykjavíkur við fulltrúa Reykjavíkurborgar um framtíð mannvirkja, réttinda og skyldna í Elliðaárdal. Samkomulag um þessi efni er nauðsynleg forsenda niðurlagningaráætlunar Elliðaárvirkjunar, sem OR er skylt að skila Orkustofnun skv. 79. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkti einróma 1. febrúar sl. að ráðast í endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals til að endurspeglar breytta landnotkun í dalnum eftir að raforkuvinnslu hefur verið hætt. Síðan þá hefur OR átt gott samstarf við Reykjavíkurborg innan sameiginlegs stýrihóps og á vinnustofum starfsfólks umhverfis- og skipulagssviðs, Orkuveitu Reykjavíkur og Borgarsögusafns.

### Samningsmarkmið:

- 1. Verndun útivistar og náttúrusvæða.** Mikilvægt er að framfylgja þeirri verndun Elliðaárdals sem felst í aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi og skilgreina hvaða verkefni leiða af hvoru tveggja, skilgreina hver þeirra eru brýnust og gera tillögu um framkvæmdaröð. Sérstök áhersla verður á útivistargildi dalsins og verndum merkilegra náttúrusvæða. Markmiðið verði að umhverfi Elliðaár og dalurinn allur einstök náttúru- og útivistarperla.



2. **Árbæjarstífla og umhverfi.** Við tæmingu Árbæjarlóns var sjónarmið lífkerfið árinna ofarlega á blaði og laxastofnsins sérstaklega. Við mótum mótvægisáðgerða er ekki óeðlilegt að horfa einnig til fuglalífs, annarrar náttúru og mannlífsins í dalnum. Sett verði fram sameiginleg framtíðarsýn á fyrirkomulagi Árbæjarstíflu og nágrennis, og eftir atkvikum annarra minja um orkuvinnslu í Elliðaárdal. Sérstök áhersla verði lögð á að Orkuveita Reykjavíkur sýni metnað við frágang og umhverfi Árbæjarstíflu og kosti göngu- og hjólaþverun í stæði eða í stað stíflunar verði niðurstaðan sú að hún verði fjarlægð að hluta eða í heild.
3. **Stokkur verði stígur.** Við brotthvarf stokksins, sem meðal annars lá yfir Elliðaár hvarf mikilvæg samgöngutenging fyrir gangandi og hjólandi yfir dalinn. Hluti samninga verði að Veitur annist fjármögnun á brú í legu stokksins, sem Reykjavíkurborg taki svo við til rekstrar.
4. **Innviðir til útivistar.** Gera tillögur að brýnustu framkvæmdum og innviða útivistar skv. nýju deiliskipulagi um Elliðaárdal.
5. **Aðgengi fyrir öll.** Tilgreint verði hvernig aðgengi fyrir alla verði tryggt á útivistarsvæðum, brúm og gönguþverunum í dalnum.
6. **Saga og umhverfi.** Sett verði fram sýn á hvernig sögu og minjum verði haldið til haga í Elliðaárdal og hver aðkoma Orkuveitu Reykjavíkur verði að því, sbr. orkusafn við Elliðaárstöð. Viðhald og umhirða mannvirkja og minja.
7. **Settjarnir.** Sett verði fram sýn á hvernig staðið verði að tímasetningu og framkvæmdum við settjarnir og aðrar mengunarvarnir, skv. deiliskipulagi Elliðárdals og hvernig þær verði fjármagnaðar.
8. **Skil vatnsréttinda,** þar með talið veiðiréttar. Setja fram tímaáætlun fyrir skil vatnsréttinda, gera grein fyrir stöðu samninga við SVFR og skyld atriði. Mannvirki tengd ánum, rekstur þeirra og viðhald, s.s. veiðihús og laxateljari.
9. **Eftirlit og vöktun með umhverfinu.** Sett verði fram sýn á hvernig eftirliti, umsjá og reglubundinni vöktun verði háttáð, m.a. í ljósi þess að Elliðárdalur er skilgreindur sem borgargarður.

#### **Samningateymi:**

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari. Formaður.

Sonja Wiium, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Hörður Hilmarsson, fjármála- og áhættustýringarsviði

#### **Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Þórólfur Jónsson, umhverfis- og skipulagssviði

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Til ráðgjafar og samstarfs verður Ólöf Örvardóttir, sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, ásamt formönnum íbúaráða í Árbæ og Breiðholti sem hafa verið í starfshópinn. Samningateymi leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. maí 2024.

Reykjavík [dags.]

Einar Þorsteinsson